

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Vinnureglur

**Úthlutun framlaga á grundvelli B-hluta 13. gr. reglugerðar um
Jöfnunarsjóð sveitarfélaga vegna skólaaksturs úr dreifbýli**

1. Framlög vegna skólaaksturs úr dreifbýli falla undir B-hluta útgjaldajöfnunarframlaga Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, skv. 13 gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem sett er af ráðherra. Framlöggin eru sjálfstæð eining innan útgjaldajöfnunarframlaga sjóðsins og taka ekki sömu hlutfallslegu hækkunum og önnur viðmið framlaganna. Framlöggin vegna skólaaksturs eru tekjuskert hjá þeim sveitarfélögum sem hafa hlutfallslega háar tekjur á íbúa miðað við önnur sveitarfélög.
2. Í desember skal liggja fyrir áætlun um ráðstöfunarfjármagn til heildargreiðslu framlaga vegna skólaaksturs á næsta ári. Einnig skal liggja fyrir í desember skipting ráðstöfunarfjármagns fyrir næsta ár á grundvelli 3a og 3 b.
3. Úthlutun framlaga vegna skólaaksturs úr dreifbýli skal vera sem hér segir:
 - a. Á grundvelli áætlanagerðar er byggir á upplýsingum frá sveitarfélögum um akstursleiðir úr dreifbýli sveitarfélags og fjölda grunnskólabarna á hverri leið sem eiga heimili lengra en 3,0 km. frá skóla, miðað við 1. október ár hvert. Útreikningur framlaga byggir á lengstu akstursvegalengd innan hversrar leiðar frá heimili að skóla. Vegalengdin er margfölduð með stuðli er tekur mið af stærð ökutækis eftir fjölda barna á hverri leið, miðað við akstur fram og til baka, að teknu tilliti til fjölda skóladaga á viðkomandi skólaári samkvæmt upplýsingum frá menntamálaráðuneyti.
 - b. Á grundvelli umsókna í lok hvers fjárhagsárs vegna íþyngjandi kostnaðar umfram framlög á grundvelli 3a, að mati sveitarstjórnar, við akstur grunnskólabarna úr dreifbýli á árinu, sem eiga heimili lengra en 3,0 km. frá skóla. Ítarleg greinargerð sveitarfélags skal fylgja umsókn um viðbótarframlag vegna íþyngjandi kostnaðar umfram tekjur að mati sveitarstjórnar. Umsókn skal hafa borist Jöfnunarsjóði eigi síðar en 15. desember á viðkomandi ári.
4. Greiðsla framlaga vegna skólaaksturs úr dreifbýli fer fram sem hér segir:
 - a. Áætluð framlög á grundvelli 3a koma til greiðslu mánaðarlega. Við hverja mánaðarlega greiðslu er haldið eftir allt að 10% af áætluðum framlögum til að mæta því ef ráðstöfunarfjármagn sjóðsins vegna skólaaksturs verður minna en áætlað var. Uppgjör fer fram í desember á grundvelli leiðréttrar skrár um álagðar skatttekjur sveitarfélaga.
 - b. Framlög á grundvelli 3 b. vegna íþyngjandi kostnaðar við skólaakstur úr dreifbýli umfram tekjur koma til greiðslu í einu lagi í janúar vegna næstliðins árs.

Vinnureglur þessar taka gildi 1. janúar 2011.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 8. desember 2010

